

1286. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 3. desember 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Fjarverandi: Ólafur Reimar Gunnarsson og Andrea Rut Pálsdóttir.

Gestur fundarins: Runólfur Pálsson forstjóri Landspítalans.

Næsti fundur: 14. janúar 2026.

Halla Gunnarsdóttir formaður VR setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna. Hún óskaði eftir að gera dagskrárbreytingu, Styrkjanefnd VR yrði liður nr. 13 og aðrir dagskrárlíður færisk til sem því nemur.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1285. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1285. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Runólfur Pálsson forstjóri Landspítalans

Halla bauð Runólf Pálsson, forstjóra Landspítalans velkominn á fundinn. Runólfur fór yfir áskoranir og tækifæri spítalans og heilbrigðiskerfisins í heild og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætti á fund kl. 18:00.

Bjarni Þór Sigurðsson mætti á fund kl. 18:30.

Umræður

Halla þakkaði Runólfi fyrir og yfirgaf hann fundinn um kl. 19:15.



Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 19:20.

3. Kjaramál – staðan

Halla fór yfir stöðu leikskólamála en VR hefur fjallað mikið um og gert athugasemdir við þær breytingar sem sveitarfélögin hafa verið að kynna og/eða innleiða í leikskólamálum undanfarin misseri. Hún sagði frá fundi fulltrúa VR með fulltrúum Reykjavíkurborgar um stöðu mála í borginni, sá fundur hafi ekki verið góður og valdið sér vonbrigðum. Hún sagði borgaryfirvöld skilja gagnrýni félagsins á tekjutengingar leikskólagjalda, en málið sé fast í ákveðnum farvegi og erfitt verði að ná því þaðan. Halla hefur einnig fundað með bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ um leikskólamál, þar hafi verið farin önnur leið. Gerðar voru breytingar á skráningardögum eins og annars staðar en verðstýringu ekki beitt á sama hátt víða annars staðar. Seltjarnarnes hefur kynnt svipaðar breytingar og Reykjavík og hefur VR sent inn umsögn um þær.

Þá sagði Halla frá því að á vettvangi ASÍ væru miklar umræður um örorkumálin.

Halla sagði frá nýlegum vinnufundi húsnæðisnefndar VR þar sem gestir fjölluðu um málaflokkinn frá ýmsum sjónarhornum. Nú liggi fyrir nefndinni að funda og ræða næstu skref. Hún benti á grein sem hún og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins birtu nýverið þar sem Seðlabankinn var hvattur til að rýmka lánþegaskilyrði fyrstu kaupenda. Það hafi ekki gengið eftir, því miður, en hert hafi verið skilyrði lána verktakafyrirtækja til kaupenda, sem sé bæði gott og skiljanlegt.

Kjaramálanefnd VR hefur fundað nokkuð stíft síðustu misseri til að undirbúa komandi kjarasamningaviðræður.

Þá sagði hún frá því að stjórnvöld hafi nú birt drög að atvinnustefnu, sem séu nánast eins og uppfært fyrra skjal (drög) sem birt var í samráðsgátt og VR sendi inn umsögn um það. Nú mun VR senda inn umsögn á nýjan leik og skerpa á þeim kröfum félagsins að verslunar- og þjónustugreinar eigi að vera liður í atvinnustefnu stjórnvalda. Um sé að ræða nauðsynleg störf og VR hvetji ríkisstjórnina til þess að horfa til þeirra við mótnun atvinnustefnunnar.

Að lokum birti Halla tillögu að þremur spurningum í næstu reglubundnu könnun VR meðal félagsfólks en slík könnun er gerð 3-4 sinnum á ári. Um er að ræða spurningar sem varða viðhorf til Evrópusambandsins og annars gjaldmiðils. Spurningarnar eru sem hér segir:

- Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) ert þú að Ísland hefji aftur aðildarviðræður við Evrópusambandið?
- Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) ert þú aðild Íslands að Evrópusambandinu?
- Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) ert þú upptöku nýs gjaldmiðils á Íslandi í stað íslensku krónunnar?

Umræður

Í umræðum kom fram hugmynd um að fá sérfræðinga með og á móti aðild landsins að ESB inn á fund stjórnar. Samþykkt var að ræða það síðar en byrja á að setja út könnunina.

Að umræðum loknum lagði Halla fyrir fundinn tillögu um spurningar um viðhorf til ESB sem lagðar verði fyrir félagsfólk.

Tillagan var samþykkt með 10 atkvæðum, tveir sátu hjá.



4. Launarannsókn VR og útreikningur á launaskriði

Fyrir fundinum lágu skjölin „4.0 Launatölfræði feb24 – jún25“ og „4.1 Haustskýrsla kjaratölfræðinefndar“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir kynningu um þróun launa febrúar 2024 til júní 2025 samkvæmt mismunandi mælingum. Haustskýrsla kjaratölfræðinefndar 2025 sýnir að meðallaun verslunarfólks í maí 2025 voru 890 þ.kr., konur voru með 842 þ.kr og karla með 932 þ.kr. Kaupmáttur launa frá febrúar 2024 til júní 2025 (reglulegt tímakaup) jókst minnst á hinum almenna vinnumarkaði, 4,6% en mest hjá sveitarfélögunum, utan Reykjavíkur, 7,3%. Á sama tíma hækkaði verðlag um 6,7%. Kostnaðarmat kjarasamninga var 8% en laun hafa hækkað um 9,9% á samningstímanum, samkvæmt kjaratölfræðinefnd.



Laun hjá þeim sem hafa lægri laun hafa hækkað hlutfallslega meira en annarra. Stjórnendur hafa hækkað minnst á almenna vinnumarkaðnum en þjónustu-, söu- og afgreiðslufólk mest, samkvæmt mælingum Ktn og Hagstofu. Útreikningar VR á launaþróun eru ekki í takt við þessar tölur og mun félagið vinna áfram við að skoða og greina misræmi þessara talna.

Umræður

5. Níu mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Árshlutareikningur VR jan-sept 2025“, „5.1 Uppgjör VR jan-sept 2022“ og „5.2 Lykiltölur jan-sept 2025“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir níu mánaða uppgjör félagsins. Í máli hans kom fram að félagsfólki hefur fjölgað lítillega frá sama tímabili 2024 en að sjá megi merki um samdrátt á vinnumarkaði. Atvinnuleitendum í félaginu fjölgar úr 908 í 1.393. VR heldur þó enn sinni hlutdeild á markaðnum. Þeim fækkar sem sækja þjónustu til VR, s.s. með heimsóknum á skrifstofur eða símtölum, þá fækkar einnig heimsóknum á vr.is á milli ára en heimsóknir á Mínar síður standa nánast í stað.

Greiðsla sjúkradagpeninga hækkar milli ára um 9,2% og heildarupphæð starfsmenntastyrkja er 3,1% hærri frá sama tíma í fyrra. Greiðslur úr varasjóði eru svipaðar. Nýting orlofshúsa félagsins er um 79%. Tekjur fyrstu níu mánuði ársins voru 2,8% undir áætlun en gjöld 1,1% yfir áætlun. Fjármagnsliðir voru 632 m.kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 572 m.kr.

Umræður

6. Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2026

Fyrir fundinum lágu skjölin „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2026 kynning fyrir stjórn“, „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2026“, „Fjárhagsáætlun VR 2026“ og „Rekstraráætlun VR 2026 á sjóði“ til afgreiðslu.

Áætlunin lá milli funda. Engar athugasemdir bárust.

Halla lagði starfs- og fjárhagsáætlun VR 2026 fyrir fundinn.

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

7. Aðgerðaráætlun framtíðarnefndar

Fyrir fundinum lá skjalið „Aðgerðaráætlun framtíðarnefndar 2025-2027“ til afgreiðslu.

Birgitta Ragnarsdóttir fór yfir aðgerðaráætlun framtíðarnefndar félagsins til að bregðast við breytingum á vinnumarkaði og þróun í tækni. Tillögur að aðgerðum byggja á umræðum framtíðarnefndar VR sem farið hafa fram á fundum og á vinnufundi nefndarinnar. Markmið þessara aðgerða er að tryggja réttlát umskipti fyrir félagsfólk í VR.

Um er að ræða 6 atriði unnin á árunum 2025 – 202, nokkur atriði eru þegar í vinnslu:

1. Undirbúningur og forgangsröðun (öll þemu)	Q4 2025
2. Rannsókn á áhrifum sjálfvirknivæðingar og gervigreindar á störf VR félaga	Q1 - Q4 2026
3. Gervigreind – viðbrögð og stefna VR	Q1 - Q4 2026
4. Áhrif vinnutíma styttingar og harkhagkerfið á vinnumarkaðinn	Q3 - Q4 2026
5. Starfsfólk í stjórnnum fyrirtækja	Q3 - Q4 2026
6. Áhrif erlendrar netverslunar á Ísland og félaga í VR	Q1 - Q4 2026

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla áætlunina fyrir fundinn.

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

8. Breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR“ til afgreiðslu.

Stefán kynnti tillögu um að fella niður liði a1 og a2 í gr. 5.6 í starfsreglum Sjúkrasjóðs VR en greinin er svohljóðandi:

5.6 Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

a1. Ferðastyrkir félagsmanns vegna eigin veikinda, foreldra, maka eða barna yngri en 18 ára, að hámarki kr. 150.000,-

a2. Ferðastyrkir félagsmanns vegna maka eða náskylds ættingja að hámarki kr. 150.000,-

a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuðir.

Stefán sagði mjög fáa sækja um þá styrki sem fjallað er um í liðum a1 og a2. Á árinu 2024 var veittur einn slíkur styrkur og tveir það sem af er ári 2025. Skýringin gæti verið að árin 2022 og 2023 juku Sjúkratryggingar Íslands fjölda styrkja frá SÍ úr 2 í 4 á almanaksári. Þörfin fyrir styrkinn virðist því ekki lengur vera fyrir hendi. Ekkert af stærri stéttarfélögum býður upp á þennan styrk.

Tillagan gerir ráð fyrir að gr. 5.6 verði þá svohljóðandi:

5.6 Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuði.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla tillöguna fyrir fundinn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.



9. Menntastefna VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Menntastefna VR minnisblað“ og „Menntastefna VR tillögur að breytingum“ til afgreiðslu.

Jónas Yngvi Ásgrímsson kynnti tillögur að breytingum á menntastefnu VR. Hann sagði breytingarnar að stærstum hluta felast í orðalagsbreytingum en ekki breytingum á innihaldi.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla tillöguna fyrir fundinn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Tillögur að lagabreytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „10.0 Tillaga að lagabreytingu“ til afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir kynnti tillögu laganefndar um breytingu á gr. 20,4 í lögum VR um kynjaflétta, að hún nái til fleiri en tveggja kynja og ný kynjaflétta taki til röðunar varamanna.

Núverandi hljóðan:

Við kosningu til stjórnar:

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Breytingartillaga: (Rautt er breytt orðalag / viðbót)

Við kosningu til stjórnar:

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. **Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. Við röðun varamanna skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fékk, að aðalmönnum undanskildum, vera fyrsti varamaður. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk, að aðalmönnum undanskildum, af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 3ja varamanna. Kyn miðar við skráningu í þjóðskrá.** Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Umræður

Í umræðum var lögð fram breytingartillaga þess efnis að kynjaflétta nái ekki til varamanna og að röðun þeirra byggi eingöngu á fjölda atkvæða.

Að umræðum loknum lagði Halla fyrir fundinn tillögu um að gerð verði breyting á greininni þannig að orðalag um kynjafléttu vegna fleiri en tveggja kynja verði samþykkt en orðalag í tillögunni um varamenn verði ekki samþykkt, heldur að röðun varamanna byggji á fjölda atkvæða eingöngu. Laganefnd verði falið að orða ákvæði um slíka röðun varamanna og leggja fyrir næsta fund.

Samþykkt með 8 atkvæðum gegn 5.

Halla óskar eftir að lengja fundinn til 21:15. Engar athugasemdir.

11. Vinnufundur Sjúkrasjóðs VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „11.0 Samanburður á sjúkrasjóðum stéttarfélaga“ og „11.1 Kynning á vinnufundi Sjúkrasjóðs VR“ til kynningar.

Stefán sagði gögnin frá vinnufundi sjóðsins lögð hér fram án frekari umræðu.

12. Starfsáætlun stjórnar VR 2026

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsáætlun stjórnar VR 2026“ til afgreiðslu.

Halla fór yfir starfsáætlun stjórnar á næsta ári. Almennt eru fundir stjórnar annan hvern miðvikudag í mánuði, með undantekningum þó og fór Halla yfir þær. Þá benti hún einnig á aðra viðburði og fundi á árinu.

Umræður

Í umræðum kom fram ein leiðrétting á fundi trúnaðarráðs í febrúar.

Að umræðum loknum lagði Halla áætlunina fyrir fundinn.

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

13. Styrkjanefnd

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað til stjórnar frá styrkjanefnd – Bergið“ til afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir fór yfir styrkbeiðni sem styrkjanefnd VR barst frá Berginu Headspace sem er sálfræðiúrræði þar sem ungt fólk á aldrinum 12 – 25 ára fær aðstoð án tilvísunar, án langra biðlista og á eigin forsendum. Bergið sótti um 1 m.kr. styrk til að gera haldið áfram að taka við ungu fólki í viðtöl, án þess að þau þurfi að fara á biðlista.

Reglur styrkjanefndar VR heimila ekki styrki vegna reksturs eða launakostnaðar. Af þeim sökum var styrkbeiðninni vísað til stjórnar, en styrkjanefnd telur starfsemi Bergsins afar mikilvæga fyrir ungt fólk.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla styrkbeiðnina fyrir fundinn.

Beiðnin var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:20.